

Ísland ljóstengt 2019

Svör við spurningum vegna A hluta

Spurning 1: Hafa skilmálar og umsóknarfyrirkomulag vegna 2019 breyst frá úthlutun vegna 2018?

Svar 1: Bæði skilmálar og umsóknargögn hafa breyst að einhverju leiti. Mikilvægt er að aðilar sem koma að undirbúningi og gerð styrkbeiðna, kynni sér vel bæði skilmála og umsóknarform vegna 2019 sem er að finna má í viðhengjum við þessa frétt: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/11/05/Opnad-fyrir-umsoknir-um-styrki-i-verkefninu-Island-ljostengt/>

Spurning 2: Hvers vegna hefur ekki verið í boði áður að sveitarfélög vinni saman að umsóknum vegna Ísland ljóstengt?

Svar 2: Sveitarfélögum hefur alltaf staðið til boða að standa sameiginlega að umsókn um samkeppnisstyrk. Fá sveitarfélög hafa hins vegar kosið að nýta sér þann valkost fram að þessu.

Spurning 3: Hvers vegna er fjarskiptasjóður að breyta úthlutunarfyrirkomulaginu? Til þessa hafa flest sveitarfélög einfaldlega gert ráð fyrir áframhaldandi samkeppnispotti fyrir hvert landsvæði. Hvaða tilgangi þjónar þessi breyting?

Svar 3: Uppbygging á grundvelli verkefnisins er langt komin í mörgum landshlutum. Úthlutun fjarskiptasjóðs hefur til þessa byggst á úthlutun á skilgreindum „pottum“ fyrir hvert landsvæði, þar sem sveitarfélögum innan viðkomandi landsvæðis hefur gefist kostur á að sækja um með samkeppnisfyrirkomulagi. Forsendur þess fyrirkomulags eru ýmist horfnar eða fara minnkandi. Því var ákveðið að bæta við nýjum valkost sem er umsókn á grundvelli samvinnustyrks. Eftirfarandi sveitarfélög hafa ýmist aldrei sótt um eða hafa ekki hlotið styrk vegna tiltekinna styrkhæfra staða.

Landshlutar þar sem tvö sveitarfélög eru eftir:

- SSS: Garður / Sandgerði og Reykjanesbær.
- SSV: Borgarbyggð og Dalabyggð.
- SSNV: Húnaþing vestra og Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Eyþing: Langanesbyggð og Norðurþing.
- SSA: Djúpavogshreppur og Fljótsdalshérað.

Landshlutar þar sem þrjú eða fleiri sveitarfélög eru eftir:

- FV: Ísafjarðarbær, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
- SSH: Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Reykjavíkurborg.
- SASS: Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

Forsendur fyrir hreinu samkeppnisfyrirkomulagi, samkvæmt þessu, eru ekki lengur fyrir hendi gagnvart sveitarfélögum innan SSS, SSV, SSNV, Eyþings og SSA. Litlum tilgangi þjónar því að útdeila sérstökum samkeppnispotti eftirleiðis á hvert þessara landsvæða hvað sem öðru líður. Þessir þættir munu skýrast innan skamms.

Spurning 4: Hvað verða margir samkeppnispottar vegna 2019?

Svar 4: Samkeppnisforsendur eru mögulega enn fyrir hendi innan FV, SSH, og SASS. Niðurstaða í B hluta hefur áhrif á það hvort aðeins einn eða fleiri samkeppnispottar verða í boði fyrir áhugasöm sveitarfélög sem annað hvort hafa ekki áhuga á samvinnuleið eða ná ekki samkomulagi við verkefnisstjórnina á þeim forsendum. Ekki liggur fyrir að svo komnu hvað samkeppnispottar verða margir vegna 2019.

Spurning 5: Nú hefst móttaka formlegra umsókna í B hluta 3. desember. Geta sveitarfélög tilkynnt um áhuga á þátttöku í B hluta og jafnvel hafið viðræður við verkefnisstjórn *Ísland ljóstengt* (VÍL) fyrir þann tíma?

Svar 5: Já, sveitarfélög geta og hafa nú sum hver þegar tilkynnt um áhuga á þátttöku í B hluta og hafið samtali við verkefnisstjórnina á þeim forsendum.

Spurning 6: Mun úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á sérstökum byggðastyrkjum vegna 2019 geta tengst viðræðum um samvinnustyrk?

Svar 6: VÍL mun klárlega upplýsa ráðuneytið um gang mála í viðræðum um samvinnustyrk. Hvort og hvernig þessi tvö form styrkveitingar munu vinna saman á eftir að ræða og útfæra betur. Hugmyndin er áhugaverð og fljótu bragði virðast tækifæri í meiri samþættingu í þessum eignum. Þetta verður því örugglega skoðað.

Spurning 7: Hvernig skal fornleifaskráningu háttáð í tengslum við lagningu ljósleiðarakerfa á grundvelli m.a. *Ísland ljóstengt*?

Svar 7: Ábyrgð gagnvart stjórnarsýslu og framkvæmd skipulags- og leyfismála vegna *Ísland ljóstengt*, svo sem vegna fornleifaskráningar, liggur hjá viðkomandi sveitarfélögum. VÍL telur það ekki vera í sínum verkahring að forgangsraða einum slíkum þætti umfram aðra.

Að því sögðu þá er hér krækja á leiðbeiningar sem Minjastofnun vann í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnun árið 2015: <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Veituframkvaemdir-og-fornleifar-2015.pdf>